

SÍÐAREGLUR – LEIKSKÓLI

1. Kennari menntar nemendur.
Kennari skipuleggur mjög lítið nám nemenda sem hann hefur umsjón með. Kennari hugar ekki að því hvernig hann stuðlar að grunnþáttum menntunar.
2. Kennari eflir með nemendum gagnrýna hugsun, virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhverfi og menningu.
3. Kennari sýnir nemendum virðingu, áhuga og umhyggju.
Kennari grípur seint og slælega inn í ef nemendur eru að vaða yfir hvorn annan. Kennari kemur fram við nemendur á kaldhæðinn hátt og sendir þeim þannig misvísandi skilaboð sem þeir skilja ekki.
4. Kennari skapar góðan starfsanda og hvetjandi námsumhverfi.
Kennari er áhugalaus um verkefni nemenda sinna sem þeir vilja sýna honum.
5. Kennari hefur jafnrétti að leiðarljósi.
6. Kennari vinnur gegn fordómum, einelti og öðru ranglæti sem nemendur verða fyrir.
Kennari er áhugasamur um börn sem eru kurteis og þroskuð en sýnir börnum með sérþarfar lítinn áhuga og/eða neikvæða athygli. Kennari rannsakar ekki endurtekna áverka sem sjást á barni eða bregst ekki við frásögnum barna af óviðeigandi hegðun foreldra/aðstandenda.
7. Kennari kemur vel fram við nemendur og forráðamenn og virðir rétt þeirra.
8. Kennari gætir trúnaðar við nemendur og forráðamenn og þagmælsku um einkamál þeirra sem hann fær vitneskju um í starfi sínu.
Kennari ræðir um persónulega hagi nemenda og foreldra í kaffistofu leikskólans. Kennari birtir myndir af sér eða segir frá persónulegum samtölum við nemendur á facebook síðu sinni.
9. Kennari viðheldur starfshæfni sinni og eykur hana.
10. Kennari vinnur með samstarfsfólki á faglegan hátt.
Kennari hefur ekki farið á símenntunarnámskeið né sinnt starfsþróunar tengdri starfinu eða þeim verkefnum sem hann fæst við í átta ár. Kennari leggur aldrei fram hugmyndir að verkefni í samstarfi við kennara sem kenna sama leikskólahóp. Kennari er neikvæður og forðast eða vill ekki taka þátt í faglegri umræðu.
11. Kennari sýnir öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.
12. Kennari gætir heiðurs og hagsmuna stéttar sinnar.
Kennari sakar þá sem eru ósammála honum í kjarabaráttu um svik við stéttina. Kennari er með stóryrtar yfirlýsingar um hópa fólks og/eða málefni á samfélagsmiðlum.

SÍÐAREGLUR – GRUNNSKÓLI

1. Kennari menntar nemendur.
Kennari hugar ekki að því hvernig hann stuðlar að grunnþáttum menntunar.
2. Kennari eflir með nemendum gagnrýna hugsun, virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhverfi og menningu.
3. Kennari sýnir nemendum virðingu, áhuga og umhyggju.
Kennari ætlast til að nemendur hlýði án þess að spyrja.
Kennari gefur sér ekki tíma til að ræða við nemendur um annað en námið.
4. Kennari skapar góðan starfsanda og hvetjandi námsumhverfi.
Kennari skammar nemendahópinn sífellt fyrir lélegan árangur.
5. Kennari hefur jafnrétti að leiðarljósi.
6. Kennari vinnur gegn fordómum, einelti og öðru ranglæti sem nemendur verða fyrir.
Kennari aðlagar ekki yfirferð og nálganir að mismunandi þörfum nemenda sinna.
Kennari bregst ekki við þegar hann verður var við að nemandi verður fyrir endurtekinni stríðni.
7. Kennari kemur vel fram við nemendur og forráðamenn og virðir rétt þeirra.
8. Kennari gætir trúnaðar við nemendur og forráðamenn og þagmælsku um einkamál þeirra sem hann fær vitneskju um í starfi sínu.
Kennari upplýsir forráðamenn ekki um alvarlega atburði sem varða börn þeirra sem koma upp í skólanum og líklegt er að foreldrar vilja og/eða ættu að vita um.
Kennarinn ræðir einstaka nemendur við kunningja sína sem starfa ekki við skólann.
9. Kennari viðheldur starfshæfni sinni og eykur hana.
10. Kennari vinnur með samstarfsfólki á faglegan hátt.
Kennari hefur ekki farið á símenntunarnámskeið né sinnt starfsþróun tengdri starfinu eða þeim verkefnum sem hann fæst við í átta ár.
Kennari leggur aldrei fram nein verkefni í samstarfi við kennara sem kenna sama fag.
11. Kennari sýnir öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.
12. Kennari gætir heiðurs og hagsmuna stéttar sinnar.
Kennari sakar þá sem eru ósammála honum í kjarabaráttu um svik við stéttina.
Kennari er með stóryrtar yfirlýsingar um hópa fólks og málefni á samfélagsmiðlum.

SÍÐAREGLUR – FRAMHALDSSKÓLI

1. Kennari menntar nemendur.
Kennari hugar ekki að því hvernig hann stuðlar að grunnþáttum menntunar. Kennari notar mikinn tíma í að berjast gegn snjallsímum.
2. Kennari eflir með nemendum gagnrýna hugsun, virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhverfi og menningu.
3. Kennari sýnir nemendum virðingu, áhuga og umhyggju.
Kennari svarar ekki efnislega spurningum þar sem efast er um kennsluefnið. Kennari spyr (einslega) út í einkamál nemenda sem hann þekkir lítið.
4. Kennari skapar góðan starfsanda og hvetjandi námsumhverfi.
Kennari vísar neikvæðum nemanda ítrekað úr tíma til að spilla ekki starfsanda.
5. Kennari hefur jafnrétti að leiðarljósi.
6. Kennari vinnur gegn fordómum, einelti og öðru ranglæti sem nemendur verða fyrir.
Kennari verðlaunar þá nemendur sem ná góðum árangri. Kennari er forystumaður í hóp sem vinnur gegn byggingu mosku á Íslandi.
7. Kennari kemur vel fram við nemendur og forráðamenn og virðir rétt þeirra.
8. Kennari gætir trúnaðar við nemendur og forráðamenn og þagmælsku um einkamál þeirra sem hann fær vitneskju um í starfi sínu.
Kennari svarar ekki tölvupósti frá forráðamanni sem spyr út í námsgegni nemanda undir 18 ára aldri. Kennari ræðir við samstarfsmann á kennarastofu um þunglyndi sameiginlegs nemanda.
9. Kennari viðheldur starfshæfni sinni og eykur hana.
10. Kennari vinnur með samstarfsfólki á faglegan hátt.
Kennari hefur ekki farið á símenntunarnámskeið né sinnt starfsþróun tengdri starfinu eða þeim verkefnum sem hann fæst við í átta ár. Kennari leggur aldrei fram nein verkefni í samstarfi við kennara sem kenna sama áfanga.
11. Kennari sýnir öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.
12. Kennari gætir heiðurs og hagsmuna stéttar sinnar.
Kennari sakar þá sem eru ósammála honum í kjarabaráttu um svik við stéttina. Kennari „djammar“ oft og mikið með lögráða nemendum sínum.

STARF TRÚNAÐARMANNSINS

1. Hvert er gildi þess að vera trúnaðarmaður? Hvernig auðgar það líf manns? Hvernig er það samfélagslegt framlag? Hvernig er það nauðsynlegt að einhver taki það að sér og hvað myndi gerast ef enginn vildi vera trúnaðarmaður?
2. Hvernig er góður trúnaðarmaður? Hvað þarf hann að vita og kunna? Hvaða viðhorf og framkomu þarf hann að temja sér?
3. Hvaða álag getur fylgt trúnaðarmannsstarfinu og hvernig er hægt að bregðast við því? Hvar getur trúnaðarmaður leitað sér stuðnings?
4. Hvernig togstreita getur myndast á milli hlutlausar kynningar trúnaðarmanns á hagsmunamálum stéttarinnar s.s. kjarasamningum og persónulegrar afstöðu hans til viðkomandi málefna? Hvernig á trúnaðarmaður að hegða sér?
5. Hvernig togstreita getur myndast hjá trúnaðarmanni þegar hann á að verja hagsmuni kennara gagnvart skólastjórnendum ásamt því að gæta sanngirni gagnvart skólastjórnendum og án þess að skaða samstarf sitt við þá?
6. Hvernig geta skólastjórnendur sýnt kennurum yfirgang og hvað eiga trúnaðarmenn að gera í slíkum aðstæðum? Hvað eiga trúnaðarmenn að gera ef þeim finnast kröfur tiltekins kennara gagnvart skólastjórnendum ósanngjarnar eða óskynsamlegar?
7. Hvað eiga trúnaðarmenn að gera ef skólastjórnendur hóta þeim leynt eða ljóst eða koma illa fram við þá t.d. með hunsun?
8. Hvernig eiga trúnaðarmenn að bregðast við gagnrýni kennara á störf þeirra? Hvernig eiga trúnaðarmenn að bregðast við ef þeim finnast kennarar styðji þá ekki í starfi sínu sem trúnaðarmenn? Hvernig eiga kennarar að styðja trúnaðarmenn sína?